

ÞRÓUNAR- OG GÆÐAVINNA SJÚKLINGUM OG AÐSTANDENDUM TIL HAGSBÓTA



Brynja Hauksdóttir, hjúkrunarfræðingur, MSc
Sérfræðingur í hjúkrun sjúklinga með krabbamein
Dagdeild blóð- og krabbameinslækninga 11B, Landspítala

Ráðstefna Perluvina og IMF, 15. nóvember 2019

YFIRLIT

Dagdeild 11B

- Upplýsingar um dagdeildin og teymin/ gæða- og þróunarvinna
- Heimasíða 11B á vef LSH / Heilsuvera.is
- Nýr fræðslubæklingur fyrir aðstandendur krabbameinsveikra

Gæðavinna stofnfrumumeðferða

- Nýtt fræðsluefni fyrir stofnfrumumeðferðir
- Bólusetningar eftir háskammtameðferð
- Mæling mislingamótefnis hjá sjúklingum eftir háskammtameðferð
- Endurhæfing eftir stofnfrumumeðferð

DAG- OG GÖNGUDEILD 11B

11B er sú deild sem sjúklingar með mergæxli nýta mest í meðferð sinni

- Viðtöl og eftirlit hjá blóðlæknum/hjúkrunarfræðingum
- Krabbameinslyfjameðferð
- Stoðmeðferðir (beinþéttilyf, ónæmisstyrkjandi lyf, blóðgjafir o.fl.)
- Stofnfrumusöfnun
- Annað

Starfsemi deildarinnar

Um 50-80 sjúklingar koma daglega í meðferð/eftirlit

Teymi dagdeildarinnar eru:

- Blóðsjúkdómateymi
- Stofnfrumuteymi
- Meltingateymi
- Þvagfærateymi
- Lungnateymi
- Brjóstateymi
- Kvensjúkdómateymi
- Fjölteymi (sjaldgæfari krabbamein)

GÆÐA- OG ÞRÓUNARVINNA

Snýst um að að efla gæði og öryggi þjónustu og meðferðar á spítalanum.

Rödd sjúklinga, aðstandenda og sjúklingasamtaka er mikilvæg í gæða- og þróunarvinnu

Verkefnin sem ég valdi til að kynna fyrir ykkur tengjast öll sjúklingum með mergæxli og aðstandendum á einn eða annan hátt



HEIMASÍÐA 11B Á LANDSPÍTALAVEFNUM



The screenshot shows the Landspítali website. At the top is the Landspítali logo. Below it is a navigation bar with links: 'Sjúklingar / Aðstandendur' (underlined), 'Fagfólk', and 'Um Landspítala', followed by a search icon. Below the navigation bar is a breadcrumb trail: 'Forsíða > Sjúklingar / Aðstandendur > Deildir og þjónusta >'. The main heading is 'Dag- og göngudeild blóð- og krabbameinslækninga'. Below this is the text 'Fyrir sjúklinga með blóðsjúkdóma og krabbamein'. There are two columns of staff information: 'DEILDARSTJÓRI' (Pórunn Sævarsdóttir) and 'YFIRLÆKNAR' (Agnes Smáradóttir and Sigrún Reykdal). The background of the page features a large image of a healthcare worker in a white coat and teal scrubs, looking down at a patient's arm.

LANDSPÍTALI

Sjúklingar / Aðstandendur Fagfólk Um Landspítala

Forsíða > Sjúklingar / Aðstandendur > Deildir og þjónusta >

Dag- og göngudeild blóð- og krabbameinslækninga

Fyrir sjúklinga með blóðsjúkdóma og krabbamein

DEILDARSTJÓRI
Pórunn Sævarsdóttir

YFIRLÆKNAR
Agnes Smáradóttir
(krabbameinslækningar)
Sigrún Reykdal
(blóðlækningar)

landspitali.is/11b

HEIMASÍÐA 11B Á LANDSPÍTALAVEFNUM

[Heimasíða 11B](#) er í þróun, verið að setja inn nýtt efni og tengla fyrir sjúklinga og aðstandendur

Velkomið að koma með ábendingar um efni sem óskað er eftir þangað inn (brynjaha@landspitali.is)

Á heimasíðu 11B er linkur inn á [Heilsuveru](#)



[Heimasíða 11B](#) - yfirlit

- + Afgreiðsla og gjaldskrá
- + Undirbúningur fyrir komu á deild
- + 11C Móttaka, mælingar og læknaviðtöl
- + 11B Meðferðareining
- + Krabbameinslyfjameðferð
- + Stuðningmeðferð og mat á vanlíðan
- + Sérstækar meðferðir/ þjónusta
- + Ýmsir gagnlegir tenglar

HEILSUVERA


[Heilsuvera.is](https://heilsuvera.is) er vefsíða sem einstaklingar geta náð í **heilbrigðisupplýsingar** um sig úr miðlægum gagnagrunni allra heilbrigðisstofnanna

Nota þarf **rafræn skilríki** til að geta nýtt Heilsuveru

Vefurinn er á ábyrgð Embættis landlæknis

Með aðgangi að Heilsuveru er hægt að:

- sjá stöðu lyfseðla í lyfseðlagátt
- sækja rafrænt um endurnýjun lyfseðla
- óska eftir vottorðum
- leggja inn skilaboð á 11B
- sjá ofnæmi sem hefur verið skráð í sjúkraskrá
- sjá framkvæmdar bólusetningar
- o.fl.



HEILSUVERA – NÝJUNGAR Í VÆNDUM

Það er verið er að þróa rafræna samskiptagátt fyrir krabbameinssjúklinga í Heilsuveru

Fleiri nýjungar einnig í vændum

Hvet ykkur til að kynna ykkur og nota Heilsuveru

Heilsuvera, almenn kynning á vefnum
heilsuvera.is/minar-sidur-leidbeiningar

FRÉTTABLAÐIÐ

KYNNINGAR

Auðveldar sjúklingum lífið

Landspítalinn, í samstarfi við Krabbameinsfélagið, er að þróa rafræna samskiptagátt fyrir sjúklinga í krabbameinsmeðferð sem bætir aðgengi þeirra að upplýsingum og þjónustu.



Sigríður segir að nýja kerfið gefa sjúklingum meira öryggi og bæti lífsgæði þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

[Fréttablaðið 10. október 2019](#)

FRÆÐSLUEFNI FYRIR AÐSTANDENDUR

Ábending kom frá aðstandenda krabbameinssjúklings um að skortur væri á fræðsluefni fyrir aðstandendur

Aðstandenda er getið í fræðsluefni en yfirleitt er það með leiðbeiningum um hvernig þeir geti stutt hinn veika

Skortur var á fræðsluefni fyrir aðstandendur með leiðbeiningum og úrræðum fyrir þá sjálfa og var því farið í þá vinnu að gera þennan bækling



FRÆÐSLUEFNI FYRIR AÐSTANDENDUR

Langvinn veikindi, eins og krabbamein, hafa ekki bara áhrif á þann veika heldur á alla fjölskylduna

Aðstandendur setja sjálfa sig oft í annað sætið og leita sér stundum seint hjálpar vegna vanlíðunar tengt veikindum nákomins ættingja/maka

Mikilvægt að aðstandendur fái líka þann stuðning sem þeir þurfa á að halda og upplýsingar um hvert þeir geti leitað



FRÆÐSLUEFNI FYRIR AÐSTANDENDUR

Nýútgefinn bæklingur ætlaður aðstandendum sjúklinga með krabbamein


Bæklingurinn er **fyrir og um aðstandendur** og fjallar um mikilvægi þess að:

- huga að eigin heilsu og leiða ekki hjá sér líkamleg einkenni
- huga að andlegri líðan og benda á hver einkenni of mikils álags geta verið
- aðstandendur hafi sitt eigið stuðningsnet
- bent á úrræði innan og utan LSH sem aðstandendum stendur til boða



[Opna bækling](#)


FERLI EIGIN STOFNFRUMUMEÐFERÐA



ALMENNT UM STOFNFRUMUMEÐFERÐIR

Ekki fjölmennur hópur sem fer í þessa meðferð

Árlegur meðalfjöldi sjúklinga sem fóru í háskammtameðferð (2013-2018) var um 19 einstaklingar á ári




Fjöldi sjúklinga sem fóru í stofnfrumusöfnun/græðslu 2013-2018

GÆÐAVINNA STOFNFRUMUMEÐFERÐA

Þróunar- og gæðavinna eigin stofnfrumumeðferða:

- **Tilgangur** er að efla gæði og öryggi eigin stofnfrumumeðferða
- **Markmiðið** er að sjúklingar og aðstandendur þeirra fái meðferð og þjónustu, sem er örugg, árangursrík og í stöðugri þróun í samræmi við alþjóðlega gæðastaðla og stefnu Landspítalans



DÝRKEYPT EF GÆÐI ÞJÓNUSTU ER ÁBÓTAVANT

Tilgangur gæðavinnu er að efla öryggi og gæði meðferða og koma í veg fyrir atvik

Alvarlegustu atvikin eru toppurinn á ísjakanum

Við erum að innleiða gæðastaðla evrópsku stofnfrumusamtakanna (EBMT) í starfsemi okkar á Landspítalanum

The Safety Iceberg



GÆÐAVINNA STOFNFRUMUMEÐFERÐA

Nokkur dæmi um gæða- og þróunarvinnu er viðkemur starfsfólki stofnfrumumeðferð:

- Innleiðing á gæðastöðlum evrópsku stofnfrumusamtakanna (EBMT) í klínískri meðferð.
 - Gæðastaðlar EBMT eru settir fram af sérfræðingum á sviði stofnfrumumeðferða og byggja á gagnreyndri þekkingu um bestu starfshætti og meðferðir. Staðlarnir taka til allra þátta starfseminnar.
- Gerð gæðahandbókar stofnfrumumeðferða með verkferla og vinnulýsingar fyrir starfsfólk
- Reglulegar úttektir á starfsemi
- Þjálfun starfsfólks og endurmenntun
- Gæðastjórnarkerfi
- Ársfjórðungslegir gæðafundir þar sem farið er yfir starfsemistölur og árangursvísa

7.01.02.01 Eigin stofnfrumuigræðsla - háskammta krabbameinslyfjameðferð með gjöf eigin stofnfruma


▼ Tilgangur og umfang

Að lýsa verklagi við eigin stofnfrumuinnngjöf. Verklagsreglan gildir fyrir undirbúning, háskammtameðferð og stofnfrumugjöf. Meðferðin fer fram á blóðlækningadeild.

▼ Ábyrgð og eftirfylgni

Yfirláknir og deildarstjóri bera ábyrgð á því að upplýsa starfsmenn og innleiða verklag ásamt því að bregðast við ef í ljós kemur að því hefur ekki verið fylgt. Skilgreindir starfsmenn bera ábyrgð á því að fara eftir verklagi.

▼ Framkvæmd



FRÆÐSLUEFNI STOFNFRUMUMEÐFERÐA

Mikilvægt er að sjúklingar og aðstandendur fái góðar upplýsingar og fræðslu um stofnfrumumeðferðina

Hvernig vilja sjúklingar læra?

- Munnleg fræðsla
- Bæklingar
- Vefsíður

Farið var í þá vinnu að endurgera fræðsluefni og gefa það út bæði í formi bæklinga og á rafrænu formi á heimasíðu Landspítala

Tveir af þremur bæklingum um eigin stofnfrumumeðferðir eru tilbúnir, sá þriðji er í vinnslu



MISMUNANDI TEGUND FRÆÐSLUEFNIS



Fræðsluefni

Fræðslubæklingur
ítarlegt fræðsluefni



Bæklingur í vinnslu:

Að
stofnfrumumeðferð
lokinni

Meðferðaráætlun
Einstaklingshæfð
meðferðaráætlun

Landspítali logo and patient information section. Includes fields for name, date, and contact details. The main section is titled 'Leiðbeiningar fyrir eigin stofnfrumusöfnun' and contains instructions for the patient to follow during the procedure. It includes a table for recording vital signs and a section for the patient to sign and date the document.

Landspítali logo and patient information section. Includes fields for name, date, and contact details. The main section is titled 'Leiðbeiningar fyrir háskammtameðferð (Melfalan) með eigin stofnfrumugjöf' and contains instructions for the patient to follow during the procedure. It includes a table for recording vital signs and a section for the patient to sign and date the document.

FRÆÐSLUEFNI

Fræðslubæklingur um söfnun stofnfruma úr blóði. Bæði til á rafrænu- og pappírsformi

Fjölmargir sem lásu bæklinginn yfir fyrir útgáfu, meðal annars sjúklingar sem höfðu farið í meðferðina

Mikilvægt er að fá sjónarhorn sjúklinga til að efnið gagnist sem best

TILGANGUR FRÆÐSLUBÆKLINGS


Þetta rit er ætlað þér sem ert á leið í stofnfrumumeðferð vegna illkynja sjúks. Í þessum bæklingi er farið yfir hvernig stofnfruma úr blóði fer fram, en það er hluti meðferðarinnar. Tilgangur bæklingssins að útskýra:

- Hlutverk blóðmyndandi stofnfruma.
- Af hverju er nauðsynlegt að safna stofnfrumum úr blóði.
- Hvernig undirbúningur og söfnun stofnfruma.

YFIRLIT YFIR EIGIN STOFNFRUMU

Athugaðu að í þessum bæklingi er ein sjúklingur fær sínar eigin stofnfrumur, safnað hefur verið frá öðrum einstaklinum. Stofnfrumumeðferð fer fram má skoða nánar í meðferðinni er skipt í þrjá megin þætti:

1. Söfnun stofnfruma úr blóði (umfjöllun)
2. Háskammtameðferð og stofnfrumugæsla
3. Endurhæfingu og eftirlit að meðferðinni



Markmið stofnfrumusöfnunarinnar er að tryggja að hægt sé að framkvæma eina háskammta meðferð hjá sjúklingum með

Efnisyfirlit

TILGANGUR FRÆÐSLUBÆKLINGSINS

YFIRLIT YFIR EIGIN STOFNFRUMUMEÐFERÐ

EIGIN STOFNFRUMUMEÐFERÐ Á LANDSPÍTALI

UM STOFNFRUMUR

Hvað eru stofnfrumur?

Af hverju er stofnfrumum safnað?

HVAÐA UNDIRBÚNING ÞARF ÁÐUR EN HÆGÐA

Hvernig eru stofnfrumur ræstar úr beinmælingum?

Hvenær er stofnfrumum safnað?

SÖFNUN STOFNFRUMA ÚR BLÓÐI

Hvernig er að vera tengd(ur) við blóðfrumur?

Hversu langan tíma tekur stofnfrumusöfnun?

Hvernig eru stofnfrumurnar geymdar?

Hvað gerist í lok söfnunardags?

Hversu langur tími liður frá stofnfrumusöfnun?

GAGNLEGAR NETSÍÐUR



Eigin stofnfrumumeðferð: Söfnun stofnfruma úr blóði

Upplýsingar fyrir sjúklinga og aðstandendur

FRÆÐSLUEFNI

Nýútgefinn fræðslubæklingur um háskammtameðferð

Einnig hægt að nálgast hann rafrænt

Sjúkdómur	Háskammta meðferð
Mergæxli	Melphalan
Mýlildi (Amyloidosis)	Melphalan
Eitilfrumu-krabbamein	BEAM
Eitilfrumu krabbamein (CNS)	TBC
Ewing sarkmei	BuMel
Eistna-krabbamein	Eto/carbo

INNGJÖF EIGIN STOFNFRUMA

Hvenær og hvernig fer inngjöf

- Stofnfrumur eru gefnar einu og einu.
- Fyrir stofnfrumugjöf er gefið ofnæmisviðbrögð.
- Stofnfrumurnar eru svo gefnar.
- Hjúkrunarfræðingur er hjálpsamur.

Algeng einkenni við inngjöf

- Væg einkenni s.s. hiti í ár.
- Sérkennileg lykt (hvítlaut daginn en getur varað í 2-þessari lykt er sérstakt efn stofnfrumurnar fyrir frosts).
- Rauðleitt þvag fyrsta sóla óalgengt). Ástæðan fyrir þ stofnfrumunum.

HÁSKAMMTALYFJAMEDFERÐ OG INNGJÖF EIGIN STOFNFRUMA

TILGANGUR FRÆÐSLU

Bæklingurinn er ætlaður þeim eigin stofnfruma. Þessi meðferð er mergæxli, eitilfrumukrabbamein og aukaverkunum sem lannað sé tekið fram.

Tilgangur bæklingssins er að

- Hvað háskammta lyfjam.
- Nauðsynlegan undirbún.
- Helstu aukaverkanir meðferðar.

HVAÐ UNDIRBÚNINGUR

Fyrir inngjöf er boðið upp á

- Fræðsla: Þér og aðstandendur blóðlæknadeildinni (fræðsla).
- Undirbúningsrannsóknir: ómun, lungnarannsóknir, meta hvort heilsufar þitt.

INNLOGN Á BLÓÐ

Meðferðin er veitt á blóðlæknadeildinni.

Hvað þarf ég að taka með

- Lyfjakort: Upplýsingar um lyf.
- Föt: Sloppur, inniskó og föt.
- Hreinlætis- og snyrtivörur sem þú kyst að taka.
- Afbreyting: Þér er velkomið (bók, tölvu, farsíma o.s.f.)
- Eftir þörfum: Ef þú notað að taka það með sér á sjúkrahúsið stendur.

Landsþítali tekur ekki ábyrgð verðmætti með sér (peninga).

LANDSPÍTALI - LYFLÆKNINGASVIÐ

Efnisyfirlit

TILGANGUR FRÆÐSLUBÆKLINGUR

HVAÐ UNDIRBÚNINGUR ÞARF ÞÚ

INNLOGN Á BLÓÐLÆKNINGAD

Hvað þarf ég að taka með me

HÁSKAMMTA LYFJAMEDFERÐ

Hvað er háskammta lyfjameð

Til hvers er miðlægur æðaleg

Hversu marga daga tekur hásk

INNGJÖF EIGIN STOFNFRUMA

Hvenær og hvernig fer inngjöf

Upplýsingar fyrir þá sem útsk

VARNAREINANGRUN

HELSTU AUKAVERKANIR MEÐFER

ÚTSKRIFT AF BLÓÐLÆKNINGA

NÁNIR AÐSTANDENDUR

Háskammta lyfjameðferð og inngjöf eigin stofnfruma

Upplýsingar fyrir sjúklinga og aðstandendur

MEÐFERÐARÁÆTLUN STOFNFRUMUSÖFNUNAR



Nafn:

Leiðbeiningar fyrir eigin stofnfrumusöfnun

sunnudagur	mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur
					11B kl 8:30 Krabbameins- lyfjagjöf	
					10E kl 8:30 Blóðsýnataka	
					11B kl 9:30 Eftirlit	
11G kl 10 Blóðsýna- taka og eftirlit Að kvöldi: Sturta	Að morgni: Sturta Fasta 11B kl 7:00 Leggisetning Söfnun stofnfruma					

Tilfærslumeðferð

Til þess að geta safnað stofnfrumum úr blóði þarf að ræsa stofnfrumurnar úr beinmergnum yfir í blóðrásina. Það er gert með tvennum hætti í fyrsta lagi með því að gefa þér krabbameinslyfjameðferð í æð og í öðru lagi með því að þú sprautar þig með vaxtarþætti fyrir hvítu blóðkornin (Zarzio sprautur) sem gefnar eru undir húð.

- Krabbameinslyfjagjöf: (Dagsetning/staður) _____
- Zarzio-sprautur: Þú byrjar að sprauta þig þann: _____ kl. 9 og 21 og heldur svo áfram **þar til söfnun stofnfruma er lokið**. Zarzio-sprautur eru gefnar undir húð tvisvar sinnum á dag þar til söfnun stofnfruma er lokið. Læknir útbýr lyfseðil fyrir sprautunum, sem þú leysir út í apóteki Landspítala. Eftir að hafa fengið leiðsögn hjá hjúkrunarfræðingi getur þú eða aðstandandi þinn séð um sprautugjafirnar sjálf(ur). Athugið að sprauturnar eiga að geymast í kæli.

Mikilvægt að hafa samband

Eftir krabbameinslyfjameðferðina koma hvítu blóðkornin til með að lækka og þú verður ónæmisbæld(ur). Ef þú færð hita eða önnur einkenni um að þú sért að veikjast er mjög mikilvægt að hafa strax samband í síma (sjá símanúmer fyrir neðan) eða leita á bráðamóttöku.

- Deild 11B sími: 543 6130 alla virka daga milli kl 8-16.
- Sími hjúkrunarfræðings stofnfrumusöfnunar 825 9389.
- Deild 11G sími: 543 6220 (eftir dagvinnutíma).

Eftirlit

Þú þarft að mæta í **blóðsýnatöku á göngudeild 10E** ____ (dags/kl) og **eftirlit á 11B sama dag kl.** ____

Undirbúningur fyrir söfnunina

Daginn fyrir stofnfrumusöfnun (sunnudag) (dagsetning) _____

Þú þarft að:

- Fara í blóðsýnatöku á deild **11G kl 10:00**
- Fara í sturtu um kvöldið og þvo þér með sótthreinsandi sápu fyrir ísetningu blóðskilunarleggsins (hrein náttföt og hrein rúmföt á rúmi)

Söfnun stofnfruma (dagsetning) _____

Þú þarft að:

- Fara í **sturtu** um morguninn og þvo þér með sótthreinsandi sápu fyrir ísetningu blóðskilunarleggsins
- Vera **fastandi**
- Koma á deild **11B kl 7:00** (Inngangur við Eiríksgötu er opinn svona snemma morguns)

Við komu á deild 11B fer fram undirbúningur fyrir ísetningu blóðskilunarleggs. Gefin eru sýklalyf í æð og tekin eru blóðsýni. Ísetningin er framkvæmd á skurðstofu og eftir hana er tekin röntgenmynd til að tryggja rétta legu leggsins.

Stofnfrumusöfnunin hefst svo eftir að staðfest hefur verið með blóðrannsókn, að nógu mikið af stofnfrumum sé í blóði þínu. Gera þarf ráð fyrir að söfnunin sjálf taki 4-6 klst.

- Taktu með þér nesti og jafnvel afþreyingu líka.
- Taktu einnig með þér þau **lyf sem þú tekur reglulega** yfir daginn.
- Vertu í þægilegum fótum og gott er að vera í peysu með viðu hálsmáli

Minnispunktar: _____

Læknar stofnfrumumeðferðar: Sigrún Reykdal, Signý Vala Sveinsdóttir, Elin Anna Helgadóttir
Hjúkrunarfræðingar stofnfrumusöfnunar: Brynja Hauksdóttir og Harpa Sóley Snorradóttir

MEÐFERÐARÁÆTLUN HÁSKAMMTAMEÐFERÐAR



Nafn:

Leiðbeiningar fyrir háskammtameðferð (Melphalan) með eigin stofnfrumuinnngjöf

Undirbúningsrannsóknir fyrir háskammtameðferð

Rannsókn	Tímasetning
Lungnarannsóknir (blástursprófi) Lungnarannsókn A3 á 3.hæð Landspítali, Fossvogi Sími: 543-6036	
Hjartaómun Hjartaómun 14D á 4.hæð Landspítali, Hringbraut Sími: 543-6152	
Munnhols- og tannskoðun	
Blóðsýnataka Landspítali, Hringbraut Göngudeild 10E í kjallara (hæð 0. í lyftu) Opíð frá 8:00 til 15:30	

Innlögn á 11G

Hér fyrir neðan finnur þú upplýsingar um meðferðaráætlun þína. Nánari upplýsingar er að finna á næstu blaðsíðu.

Meðferðaráætlun	Dagur	Tímasetning
Innskrift á 11G og undirbúningur fyrir meðferð Blóðlækningadeild 11G á 1. hæð Landspítali, Hringbraut Sími: 543-6220	Dagur -2	
Háskammtameðferðin: Melphalan	Dagur -1	
Stofnfrumuinnngjöf: Eigin stofnfrumur gefnar í innrennsli í æð.	Dagur 0	
Varnareinangrun á 11G Einstaklingsbundið en algengt um viku eftir stofnfrumuinnngjöf.		
Aætluð útskrift af 11G		

Læknar stofnfrumumeðferðar: Sigrún Reykdal, Signý Vala Sveinsdóttir, Elin Anna Helgadóttir
Hjúkrunarfræðingar stofnfrumuigræðslu: Sveinlaug Atladóttir: sveinlau@lsh.is
Elva B. Brynjarsdóttir: elvabb@lsh.is



Innskrift á 11G og undirbúningur meðferðar: Dagur -2

Þú mætir á Blóðlækningadeild 11G. Settur verður hjá þér miðlægur æðaleggur, það er gert á skurdstofu. Vertu því búin(n) að fara í sturtu og þvo þér með sótthreinsisvampi á hálsi og bringu. Þú þarft ekki að vera fastandi.

Læknir mun hitta þig og fara yfir helstu heilsufarsupplýsingar. Vertu með upplýsingar um öll þau lyf sem þú tekur reglulega. Að lokinni innskrift og undirbúningi mátt þú fara heim.

Háskammtameðferðin: Dagur -1

Krabbameinslyf	Dagur	Dagsetning
Melphalan	Dagur -1	
Stofnfrumugræðsla	Dagur 0	

- Vertu mætt(ur) á Blóðlækningadeildina (11G) klukkan 08:00.
- Melphalan** (30 mín innrennsli). Byrjað er á að gefa vökva í æð fyrir gjöf háskammta-meðferðarinnar og svo er meðferðin gefin. Til þess að reyna að fyrirbyggja aukaverkanir lyfsins á slímhúð í munnholi færð þú klakamulning til að sjúga/bryðja. Þú byrjar að kæla munnholið á þennan hátt 10 mínútum fyrir lyfjagjöf og heldur áfram meðan lyfið rennur inn og í 10 mínútur eftir að lyfjagjöfinni líkur.

Þegar að inngjöf háskammtameðferðarinnar er lokið er haldið áfram að gefa þér vökva í æð í um sólarhring. Tilgangur með vökvagjöfinni er að tryggja gott vökvafæði um nýrun. Þú færð einnig reglulega velgjuvarnarlyf til að draga úr líkum á ógleði/uppköstum.

Eigin stofnfrumuinnngjöf: Dagur 0

- Undirbúningur fyrir stofnfrumuinnngjöf:** fer fram að morgni dags. Þú færð vökva í æð og undirbúningslyf til að koma í veg fyrir ófnæmi og ógleði.
- Stofnfrumuinnngjöfin:** Þegar undirbúningslyfin hafa verið gefin færð þú stofnfrumurnar þínar gefnar í æð. Hjúkrunarfræðingur sér um inngjöfina og er hjá þér allan tímann, meðan ígræðslan fer fram og fylgist með líðan þinni.
- Útskrift í heimapjónustu HERU:** Seinni part dagsins getur þú útskrifast heim. Hjúkrunarfræðingar í heimapjónustu HERU munu sinni eftirliti með líðan og einkennameðferð meðan þú ert heima.

Varnareinangrun og aukaverkanir meðferðar

- Innlögn á blóðlækningadeildina/ aukaverkanir háskammtameðferðar:** Líklegt er að þú leggist aftur inn á 11G um sex til átta dögum eftir stofnfrumuinnngjöfina. Þá fara aukaverkanir meðferðarinnar að koma fram, þær helstu eru:
 - Beinmergsbæling (aukin hætta á sýkingum, blóðleysi og blæðingu).
 - Áhrif á meltingarveg (ógleði/uppköst, lystarleysi, viðkvæm slímhúð, niðurgangur).Þú liggur inni á blóðlækningadeildinni undir nánu eftirliti og færð einkenna og stuðningsmeðferð þar til að aukaverkanirnar eru gengnar yfir og þér fer að líða betur.]

BÓLUSETNINGAR EFTIR HÁSKAMMTAMEÐFERÐ

Háskammtameðferð getur strokað út ónæmisvarnir/fyrri bólusetningar sem einstaklingar hafa farið í FYRIR meðferðina

Öllum sem farið hafa í háskammtameðferð er ráðlagt að endurtaka ákveðnar bólusetningar

Misbrestur var á því að fólk fengi bólusetningar
=> gæðaverkefni þar sem verkferlum var breytt



Bólusetning er læknisfræðileg aðgerð sem miðar að því að hindra að næmir einstaklingar sýkist af smitsjúkdómi og vernda þá fyrir afleiðingum hans (landlaeknir.is)

BOÐ UM BÓLUSETNINGU EFTIR HÁSKAMMTAMEÐERÐ

Til að tryggja að allir fái boð um bólusetningar og á réttum tíma var ákveðið að breyta verkferlum

Hjúkrunarfræðingur sér um að bjóða einstaklingum sem farið hafa í háskammtameðferð að koma í bólusetningum

Hringt er í fólk ásamt því sem sent er bréf með leiðbeiningum og dagsetningum um gjöf bólusetninga



BÓLUSETNINGAR EFTIR HÁSKAMMTAMEDFERÐ

Öllum er boðið að koma í eftirfarandi bólusetningar:

Bóluefni	Tími frá háskammtameðferð		
	6 mánuðir	7 mánuðir	12 mánuðir
Pneumovax	X		
Pentavac	X	X	X

Pentavac Bóluefni gegn barnaveiki stífkrampa, kíghósta, mænusótt (lömunarveiki) og alvarlegum sjúkdómum af völdum Haemophilus influenza B (HIB sýkingar)

Pneumovax Bóluefni gegn alvarlegum sýkingum af völdum bakteríu sem kallast pneumococcar og getur m.a. valdið alvarlegum sýkingum í lungum og heilahimnubólgu

MÆLING Á MÓTEFNI GEGN MISLINGUM EFTIR HÁSKAMMTAMEÐFERÐ

Mislingar fóru að láta á sér kræla í ársbyrjun 2019

Í stöðluðum bólusetningum eftir háskammtameðferð
er **ekki** bólusett gegn mislingum

Ákveðið var að bjóða öllum sem farið hafa í
háskammtameðferð (frá 2004) að láta mæla mótefni
fyrir mislingum í blóði

Það tilheyrir nú verkferlum að bjóða öllum sjúklingum
upp á þessa mælingu

Hringt er í fólk og því boðið að koma í mælingu og
það svo látið vita af niðurstöðu og næstu skref ef
þarf



Mislingar um borð í flugvélum Icelandair og Air Iceland Connect - Vísir

<https://www.visir.is/g/2019190218748>




19 feb. 2019 ... Mislingasmit kom upp um borð í flugvélum Icelandair og Air Iceland Connect þann 14. og 15. febrúar. Þetta staðfestir Áslaug Ýr Pétursdóttir ...



Mæling á mislingamótefni í blóði eftir háskammtameðferð


(Alls: 107 einstaklingar sem hafa farið í háskammtameðferð fyrir meira en 2 árum þ.e. 2004-2017)



Hringt var í sjúklinga sem höfðu farið í háskammtameðferð frá því þær hófust á Íslandi (2004) og til 2017



Þörf á bólusetningu gegn mislingum eftir háskammtameðferð



Langflestir eða 80% sem fóru í mælingu voru með mótefni gegn mislingum og þar með vörn gegn sjúkdómnum

Hinir 20% voru með lítið eða ekkert mótefni gegn mislingum

Ekki gátu allir látið bólusetja sig, sem voru með lítil/engin mótefni, því **ekki má bólusetja gegn mislingum fyrr en 2 ár eru liðin frá háskammtameðferð og þá eingöngu hjá þeim sem ekki eru í krabbameinslyfja-meðferð**



ENDURHÆFING OG STOFNFRUMUMEÐFERÐ ÞRÓUNARVERKEFNI

Eins og verkferlar eru núna kemur endurhæfingarteymi LSH inn í meðferðarferli við útskrift af legudeild eftir að háskammtameðferð er lokið


Þróunarverkefni:

- Að sjúklingum bjóðist viðtal hjá endurhæfingarteymi ÁÐUR en stofnfrumumeðferð er hafin til að meta þörf fyrir endurhæfingu
- Sjúklingi verði svo fylgt eftir í gegnum meðferðina og eftir að henni lýkur eins og þarf

Endurhæfingarteymið er teymi fjölfaglegt teymi sem sinnir líkamlegum, andlegum og félagslegum endurhæfingarþörfum

Markmiðið er að fyrirbyggja eða draga úr fylgikvillum sem geta fylgt meðferðinni





Í gæða- og þróunarvinnu er gott að geta fengið álit hjá sjúklingum og aðstandendum, til dæmis við gerð fræðsluefnis, svo að það nýtist sem best þeim sem það er ætlað

Perluvinir hafa lagt sitt af mörkum í þessu samstarfi og vil ég þakka þeim einstaklingum kærlega fyrir hjálpina

Takk fyrir

Tölvupóstfang: brynjaha@landspitali.is